

<i>Titill:</i>	Notendahópur um verðvísitölur
<i>Fundarstaður og -tími:</i>	4. fundur, haldinn 28. nóv. 2006 á Hagstofu Íslands
<i>Fulltrúar Hagstofu Íslands:</i>	Hallgrímur Snorrason, Rósmundur Guðnason, Guðrún R. Jónsdóttir, Heiðrún Guðmundsdóttir, Jökull M. Pétursson, Kári Joensen og Tryggvi Eiríksson.
<i>Aðrir fundarmenn:</i>	<i>Notendahópur um verðvísitölur:</i> Benedikt Valsson og Marinó Melsted Fjármálaráðuneyti, Þórarinn G. Pétursson Seðlabanka, Ólafur Ísleifsson Háskólinn í Reykjavík, Þóra Helgadóttir Greiningardeild KB banka, Edda Rós Karlsdóttir Greiningardeild Landsbanka Íslands og Guðlaugur Stefánsson.

Fyrir fundinum lá eftirfarandi dagskrá:

1. Ný fasteignaverðsvísitala og útreikningur á húsnæði í vísitölu neysluverðs.
2. Fyrirhugaðar breytingar á vísitölu framleiðsluverðs 2007, kynning.
3. Breytingar á tímasetningu verðupptöku í janúar 2008, staða.
4. Frásögn af fundi OECD/IMF um húsnæðisverðsvísitölur 6-7. nóvember 2006.
5. Önnur mál.

Norræna tölfræðingamótið á Íslandi 25.-28. júní 2007

<http://www.nordstat2007.is/>

Ný og endurbætt tenging við vef Eurostat

http://epp.eurostat.ec.europa.eu/portal/page?_pageid=1090,30070682,1090_33076576&_dad=portal&_schema=PORTAL

6. Næstu fundir, tímasetning og dagskrá.
25. maí 2007 kl. 10:00.
30. nóvember 2007 kl. 10:00.

Hallgrímur Snorrason bauð fundarmenn velkomna. Ekki voru gerðar athugasemdir við boðaða dagskrá fundarins. Hallgrímur vakti máls á því að nú væri kynning á vísitölu framleiðsluverðs á fundinum þannig að efnið væri komið út fyrir verkefni notendahópsins sem væri vísitala neysluverðs. Lagði hann til að nafninu yrði breytt í notendahóp um verðvísitölur sem var samþykkt af fundarmönnum.

1. Ný fasteignaverðsvísitala og útreikningur á húsnæði í vísitölu neysluverðs. Fyrir fundinum lá pappír “House price index, market prices and flow of services methods” sem Rósmundur og Guðrún höfðu lagt fram á fundi OECD um fasteignavísitölur 6-7 nóvember 2006. Glærुकynning fylgir. Rósmundur kynnti nýja fasteignaverðsvísitölu og fór yfir tengingu á húsnæðisverði við útreikning á notendakostnaði. Í umræðum komu fram spurningar um hvort Hagstofan íhugaði að lengja viðmiðunartíma vaxta aftur en engar slíkar breytingar eru fyrirhugaðar.
2. Fyrirhugaðar breytingar á vísitölu framleiðsluverðs 2007, kynning. Glærुकynning fylgir. Kári kynnti fyrirhugaðar breytingar á birtingu vísitölu framleiðsluverðs en fyrirhugað er að hún verði mánaðarleg frá árinu 2007. Fram kom ósk um birtingu á vísitölu án stóriðju. Innlend framleiðsla án útflutnings er áhugaverð fyrir Seðlabankann.

3. Breytingar á tímasetningu verðupptöku í janúar 2008, staða. Hallgrímur rakti stöðu málsins.
4. Frásögn af fundi OECD/IMF um húsnæðisverðsvísitölur 6-7. nóvember 2006. Fundargerð fylgir. Rósmundur gerði grein fyrir helstu niðurstöðum fundarins. Vefsíða fundarins:
http://www.oecd.org/document/47/0,2340,en_2649_33715_37582447_1_1_1_1_00.html
5. Önnur mál. Norræna tölfræðingamótið á Íslandi 25-28 júní 2007 og ný og endurbætt tenging við vef Eurostat. Vefur fyrir Norræna tölfræðingamótið 2007 var kynntur og jafnframt ný síða á vef Eurostat um Samræmda vísitölu neysluverðs.
6. Næstu fundir, tímasetning og dagskrá. Fyrirhugaðir eru tveir fundir árið 2007, 25. maí og 30. nóvember kl. 10:00. Stungið var upp á að efni næsta fundar gæti verið vísitölur án óbeinna skatta eða CT (constant tax) vísitala. Hagstofan stefnir að því að reikna vísitölu þar sem áhrif fyrirhugaðra efnahagsaðgerða í mars 2007 eru undanskilin. Spurning er hvort Hagstofan myndi reikna kjarnavísitölu 3 fyrir Seðlabankann sem væri vísitala 2 án óbeinna skatta. Auk þessa var minnt á að fyrirhugað er að gefa út Hagtíðindahefti um vísitölu framleiðsluverðs í mars 2007 og mætti kynning á vísitölunni vera á dagskrá hjá notendahópnum.

Fylgiskjöl með fundargerðinni eru glærur sem notaðar voru á fundinum og fundargerð frá fundi OECD um húsnæðisvísitölur:

1. Ný fasteignaverðsvísitala og útreikningur á húsnæði.
2. Fyrirhugaðar breytingar á vísitölu framleiðsluverðs 2007, kynning.
3. Fundargerð frá fundi OECD OECD-IMF Workshop on Real Estate Price Indexes.